

Reykjavík, 22. október 2008.

Stjórn BSRB og jafnréttisnefnd bandalagsins mótmæla frestun jafnréttisþings

Stjórn BSRB og jafnréttisnefnd bandalagsins mótmæla harðlega ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem kynnt var í gær að fresta fyrirhuguðu jafnréttisþingi sem dagsett hafði verið 7. nóvember næstkomandi. Í yfirlýsingu frá félags- og tryggingamálaráðuneyti segir að ólíklegt sé „að jafnréttisþingið nái markmiðum sínum í því óvissuástandi sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar, þar sem fjölmargir þeirra sem ráðuneytið vill virkja þar til umræðu eru bundnir við að ráða fram úr aðkallandi úrlausnarefnum sem tengjast þeim aðstæðum sem ríkja á fjármálamarkaði.“

Það er eindregin skoðun BSRB að í „óvissuástandi“ eigi einmitt að leitast við að stinga á þjóðfélagsmeinum sem kynjamisrétti óneitanlega er. Ríkisstjórnin hefur marglýst því yfir að á undanförunum mánuðum hafi verið unnið að því á markvissan hátt að taka á kynjamisréttinu. Það er því með öllu ótækt að jafnréttisþing skuli ekki haldið eins og fyrirhugað var til að kynna afrakstur þessarar vinnu og efna jafnframt til umræðu um framhaldið.